

Sp.

192. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf 18. okt. sl. við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga. Nefndin hefur síðan haldið 46 bókaða fundi auk undirnefndafunda og meirihlutafunda. Um 230 aðilar hafa komið á fund nefndarinnar. Síðustu ár hefur nefndin haft viðtöl við sveitarstjórnarmenn fyrir þingbyrjun, en í ár var þetta ekki unnt þar sem nefndin var ekki kosin á Alþingi fyrir en vika var liðin frá þingbyrjun. Hafði þá verið fjölgað um einn mann í nefndinni.

Fyrir aðra umræðu leggur nefndin fram tillögur um skiptingu allra framkvæmdaflokka auk ýmissa breytingatillagna á þingskjali 191. Til þriðju umræðu bíða tillögur um B-hluta fyrirtæki, heimildir skv. 6. grein, auk ýmissa viðfangsefna, svo sem stöduheimildir og verkefni á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, framlög til hjúkrunarheimila fyrir aldraða, vegamál og ýmis landbúnaðarframlög. Nefndin flytur sameiginlega fyrrgreindar breytingatillögur en fulltrúar minni hl. áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila séráliti.

Forsendur frumvarpsins eru byggðar á þjóðhagsspá sem lögð var fram á Alþingi í haust. Frá þeim tíma hafa aflahorfur versnað, en af því leiðir að búast má við samdrætti þjóðartekna frá því sem þá var ráð fyrir gert. Svigrúm til launahækkana á næsta ári er því minna en reiknað er með í frumvarpinu, 2—4% í stað 4—6%. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að launaforsendur fjárlaga fyrir næsta ár miðist við 4% meðalhækkun launa frá áramótum í stað 6% í frumvarpinu. Tillögur um breytingu á tekju- og útgjaldaliðum frumvarpsins í samræmi við þessa breytingu á forsendum verða lagðar fram fyrir þriðju umræðu.

Samkvæmt þeim breytingartillögum, sem fjárveitinganefnd flytur við þessa umræðu, hækka útgjöld um nálega 166 millj. kr., eða töluvert innan við 1% af heildarútgjöldum samkvæmt frumvarpinu. Mikils aðhalds hefur því verið gætt í meðförum nefndarinnar á frumvarpinu, en þó er stefnt að því að fjárlög verði sem raunhæfust miðað við það umfang ríkisrekstrarins sem ekki er beinlínis tekin ákvörðun um að draga úr eða leggja niður. Ætlunin er að með því fái betri heildaryfirsýn yfir ríkisbúskapinn og fjárlög og greiðsluáætlanir, sem á þeim eru byggð, verði betra stjórnartæki til þess að beita ströngu aðhaldi í sparnaðarskyni hjá ráðuneytum og stofnunum svo sem stefnt var að í frumvarpinu.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á útgjaldalið frumvarpsins eru þessar:

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 101 Embætti forseta Íslands: Önnur rekstrargjöld hækki um 900 þús. kr. og verði 2 255 þús. kr. Aftan við liðinn bætist greining á viðfangsefnum:
 - 0101 Almennur rekstur 5 593 þús. kr. og
 - 0102 Opinberar heimsóknir 900 þús. kr.
- 201 Alþingi: Liðurinn hækki alls um 11 922 þús. kr. sem skiptist eins og hér segir: 0102 Þingfararkaup alþingismanna hækki um 14 164 þús. kr., 0103 skrifstofu- og alþingiskostnaður lækki um 9 862 þús. kr., 0104 Fasteignir, rekstur hækki um 2 500

þús. kr., 0105 Alþingistíðindi, útgáfa hækki um 264 þús. kr., 0106 Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hækki um 151 þús. kr., 0108 Þingmannasamtök NATO hækki um 783 þús. kr., 0109 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka hækki um 634 þús. kr., 0110 Evrópuráðið, þingmannafundur hækki um 788 þús. kr. Teknir verði upp tveir nýri liðir: 0112 Norðurlandaráð 1 500 þús. kr. og 0114 Þingmannafundi Fríverslunarbandalagsins 1 000 þús. kr.

301 Ríkisstjórn: Laun hækki um 676 þús. kr. og verði 12 789 þús. kr.

01 Forsætisráðuneytið.

0101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Liðurinn 0112 Öryggismálanefnd hækki um 200 þús. kr., verði 1 200 þús. kr.

0102 Þjóðhagsstofnun: Gjöld hækki alls um 1 100 þús. kr. sem skiptist þannig: Laun hækki um 500 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti.

201 Háskóli Íslands: Liðurinn Laun hækki um 1 500 þús. kr. sem skiptist eins og hér segir: 0102 Guðfræðideild hækki um 150 þús. kr., 0104 Tannlæknadeild hækki um 150 þús. kr., 0106 Lagadeild hækki um 75 þús. kr., 0107 Viðskiptadeild hækki um 75 þús. kr., 0108 Heimspekideild hækki um 300 þús. kr., 0109 Verkfræðideild hækki um 450 þús. kr. og 0114 Félagsvísindadeild hækki um 300 þús. kr.

203 Raunvísindadeild háskólans: Önnur rekstrargjöld hækki um 750 þús. kr. og skiptist þannig á liði: 0101 Yfirstjórn hækki um 250 þús. kr., vegna tilraunavindmyllu og 03 Efnifræðistofa hækki um 500 þús. kr. sem verja á til eldsneytisrannsókna.

206 Orðabók háskólans: Laun hækki um 115 þús. kr., sem eru laun hálfstarfsmanns.

301 Menntaskólinn í Reykjavík: Laun lækki um 270 þús. kr., og verði 23 922 þús. kr.

302 Menntaskólinn á Akureyri: Gjöld hækki alls um 570 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Laun lækki um 180 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 750 þús. kr. vegna húsaleigukostnaðar.

303 Menntaskólinn á Laugarvatni: Gjöld hækki alls um 160 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Laun lækki um 90 þús. kr., stofnkostnaður hækki um 250 þús. kr.

304 Menntaskólinn við Sund: Gjöld lækki alls um 690 þús. kr. og skiptist þannig í gjaldategundir: Laun lækki um 940 þús. kr., en til stofnkostnaðar sé varið 250 þús. kr.

306 Menntaskólinn á Ísafirði: Stofnkostnaður hækki um 1 000 þús. kr.

308 Menntaskólinn í Kópavogi — fjölbraut: Gjöld hækki alls um 5 680 þús. kr. og skiptist sem hér segir í gjaldategundir: Laun hækki um 680 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna samnings.

319 Framhaldskólar, almennt: Gjöld hækki alls um 2 600 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Nýr liður: Önnur rekstrargjöld verði 2 000 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 600 þús. kr.

321 Kennaraháskóli Íslands: Gjöld hækki samtals um 3 000 þús. kr. og skiptist sem hér segir á gjaldategundir: Laun hækki um 800 þús. kr. vegna námsskeiða kennara í verkmenntageinnum. Önnur rekstrargjöld lækki um 800 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. og miðast það við að hægt sé að taka nýbyggingu í notkun.

322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans: Stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Gjöld hækki samtals um 900 þús. kr. og skiptist á gjaldategundir eins og hér segir: Nýr liður: viðhald verði 200 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr. vegna samnings.

- 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Laun lækki um 330 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: 0101 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti lækki um 960 þús. kr. 0102 Ármúlaskóli hækki um 630 þús. kr.
- 352 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Laun hækki um 735 þús. kr. og verði 14 731 þús. kr.
- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Gjöld hækki alls um 1 300 þús. kr. sem skiptist þannig á gjaldategundir: Laun lækki um 200 þús. kr. og verði 14 989 þús. kr. Stofnkostnaður hækki um 1 500 og verði 6 500 þús. kr.
- 356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki: Laun hækki um 275 þús. kr. og verði 7 602 þús. kr.
- 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi: Stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr.
- 358 Framhaldsskóli í Neskaupstað: Stofnkostnaður hækki um 360 þús. kr.
- 359 Verkmenntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækki um 4 000 þús. kr.
- 422 Námsgagnastofnun: Rekstrargjöld hækki alls um 3 000 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: 0103 Bókaútgáfa hækki um 2 000 þús. kr. Nýr liður: 0105 Hagræðing í rekstri verði 1 000 þús. kr.
- 431 Iðnfræðsluráð: Gjöld lækki alls um 2 059 þús. kr. og er þá miðað við að rekstur ráðsins falli niður um mitt ár 1984. Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Laun lækki um 1 409 þús. kr. Önnur rekstrargjöld lækki um 637 þús. kr. Liðirnir Viðhald, Til einstaklinga og samtaka falli niður og nemur sú lækkun 70 þús. kr. Enn fremur falli liðurinn Sértekjur, 57 þús. kr., niður.
- 501 Tækniskóli Íslands: Stofnkostnaður hækki um 4 000 þús. kr. sem ráðgert er að ráðstafað verði til að innrétta húsnæði og til tækjakaupa.
- 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Stofnkostnaður hækki um 900 þús. kr. til kaupa á tölvuratsjá.
- 514 Iðnskólinn í Reykjavík: Nýr liður: Viðhald verði 1 550 þús. kr.
- 518 Fiskvinnsluskólinn: Stofnkostnaður hækki um 9 000 þús. kr. vegna byggingar nýs skólahúsnæðis.
- 561 Myndlista- og handíðaskólinn: Gjöld hækki alls um 500 þús. kr. og skiptist hækkunin með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Laun hækki um 320 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækki um 450 þús. kr. og sértekjur hækki um 270 þús. kr.
- 563 Tónlistarfræðsla: Liðurinn 0101 Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir hækki um 500 þús. kr.
- 610 Héraðsskólar, almennt: Gjöld hækki alls um 1 200 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Viðhald hækki um 500 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr.
- 621 Skálholtsskóli: Nýr liður: Stofnkostnaður verði 200 þús. kr.
- 791 Grunnskólar, almennt: Gjöld hækki alls um 3 320 þús. kr. Hækkunin skiptist sem hér segir: 0116 Sundskylda í skólum hækki um 3 000 þús. kr. og 0121 kennsla á Landspítala og Landakotspítala hækki um 320 þús. kr.
- 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Stofnkostnaður hækki um 7 750 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar.
- 797 Skólar fyrir þroskaheft börn: Önnur rekstrargjöld hækki um 1 300 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: 0104 Þjálfunarskólar hækki um 300 þús. kr. og 0106 Sameiginleg þjónusta hækki um 1 000 þús. kr.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Framlag til dagvistarheimila hækki um 1 640 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Gjöld hækki alls um 2 185 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: 0109 Styrkur til útgáfustarfa hækki um 185 þús. kr. 0114 Stúdentagarðar, viðhald hækki um 2 000 þús. kr.
- 885 Fullorðinsfræðsla: Gjöld hækki alls um 253 þús. kr. og skiptist þannig: Liðurinn 0102 Bréfaskólinn hækki um 96 þús. kr., 0103 Námsflokkar hækki um 26 þús. kr., 0105

- Félagsmálanámskeið hækki um 17 þús. kr., 0106 Heimilisiðnaðarskólinn hækki um 54 þús. kr. og 0107 Menntun starfsfólks á dagheimilum hækki um 60 þús. kr.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn 0103 Sjóminjasafn hækki um 300 þús. kr.
- 909 Blindrabókasafn Íslands: Stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr.
- 931 Náttúruverndarráð: Stofnkostnaður hækki alls um 635 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: 0103 Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum hækki um 600 þús. kr. og 0109 Rannsóknarstörf við Mývatn hækki um 35 þús. kr.
- 973 Þjóðleikhúsið, framlög: Liðurinn Til fyrirtækja í B-hluta hækki um 2 500 þús. kr. sem ráðstafað verði til utanhússviðhalds á Þjóðleikhúsinu.
- 980 Listskreytingasjóður ríkisins: Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. og verði 2 500 þús. kr.
- 982 Listir, framlög: Liðurinn hækki alls um 8 933 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er þó að geta þess að gert er ráð fyrir að teknir verði upp tveir nýir liðir: 0420 Textilfélagið verði 50 þús. kr. og 0845 Íslenska hljómsveitin verði 400 þús. kr. Tveir liðir falli út: 0840 Kynning á norrænum bókmenntum í Bandaríkjunum og 0842 Íslenskir menningardagar í Berlín.
- 983 Ýmis vísindaleg starfsemi: Liðurinn hækki alls um 79 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 0103 Vísinda- og fræðimenn hækki um 8 þús. kr., 0104 Surtseyjarfélagið 20 þús. kr., 0106 Jökklarannsóknir og mælingar 7 þús. kr., 0117 Íslenska stærðfræðifélagið 11 þús. kr. og 0119 Tímaritið Jökull 33 þús. kr.
- 984 Norræn samvinna: Liðurinn hækki alls um 450 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: 0102 Norrænt samstarf hækki um 27 þús. kr., 0103 Norræna félagið hækki um 23 þús. kr. Tveir nýir liðir bætast við: 0112 Menningarsamskipti við Færeyinga verði 200 þús. kr. og 0113 Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO verði 200 þús. kr.
- 986 Íþróttasjóður: Bygging íþróttamannvirkja hækki um 1 500 þús. kr. sem skiptist eins og fram kemur í breytingartillögum nefndarinnar.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 1 759 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: 0102 Æskulýðsráð ríkisins hækki um 155 þús. kr., 0103 Æskulýðssamband Íslands 30 þús. kr., 0104 Ungmennafélag Íslands 1 225 þús. kr., 0105 Bandalag íslenskra skáta 145 þús. kr., 0106 Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfjótsvatns 30 þús. kr., 0107 Bandalag íslenskra farfugla 4 þús. kr., 0115 Íslenskir ungtemplarar 40 þús. kr., 0117 Landssamband KFUM og KFUK 30 þús. kr. Nýr liður: 0120 Alþjóðaár æskunnar verði 100 þús. kr.
- 989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn hækki alls um 737 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: 0104 farkennsla í skólum hækki um 15 þús. kr. Nýr liður: 0112 Ólympíunefnd fatlaðra verði 600 þús. kr. 0121 Skáksamband Íslands hækki um 32 þús. kr., 0122 Alþjóðaskákmót, styrkir hækki um 85 þús. kr. og 0126 Bridgesamband Íslands hækki um 5 þús. kr.
- 991 Húsfriðun: Liðurinn 0104 Byggða- og minjasöfn hækki um 200 þús. kr.
- 999 Ýmislegt: Liðurinn hækki alls um 1 896 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er þó að geta þess að tekinn er upp nýr liður: 0325 Manitoba-háskóli, Kanada verði 38 þús. kr. Niður fellur: 0321 Minnisvarði um Þorvald Víðförla og Friðrik biskup.

Gerð er ein tillaga um breytingu á 5. gr., 22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna. Lagt er til að liðurinn Tekin lán hækki um 2 000 þús. og Fjárfestingar um sömu upphæð.

03 Utanríkisráðuneyti.

- 999 Utanríkismál, ýmis starfsemi: Liðurinn 0106 Háskóli Sameinuðu þjóðanna hækki um 200 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 171 Jarðeignir ríkisins, framlög: Liðurinn hækki um 1 500 þús. kr.
- 201 Búnaðarfélag Íslands: Gjöld hækki alls um 800 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: 0102 Ráðunautar hækki um 500 þús. kr. vegna loðdýraræktar. Nýr liður: 0130 Landþurrkun verði 300 þús. kr. Skipting í þessum lið kemur fram í breytingartilögum nefndarinnar.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Gjöld hækki alls um 4 520 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni Nýr liður: Til grunnkortagerðar verði 300 þús. kr., 2002 Stóra-Ármót hækki um 420 þús. kr. vegna fjósbyggingar, 3003 Tilraunastöðin Möðruvöllum hækki um 1 800 þús. kr. Nýr liður 3006 Tilraunabú, óskipt verði 2 000 þús. kr.
- 207 Forfalla- og aflýsingaþjónusta í sveitum: Laun hækki um 1 711 þús. kr.
- 231 Skógrækt ríkisins: Nýr liður: 0113 Nytjaskógar verði 500 þús. kr.
- 235 Landgræðsla ríkisins: Sértekjur lækki um 750 þús. kr.
- 243 Sauðfjárveikivarnir: Viðhald hækki um 750 þús. kr. til viðhalds girðinga.
- 247 Yfirdýralæknir: Gjöld hækki alls um 305 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: 0104 Júgurbólgurannsóknir hækki um 45 þús. kr. 0106 Dýralæknisbústaðir, viðhald hækki um 260 þús. kr.
- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Liðurinn 0109 Fyrirhleðslur hækki um 792 þús. kr. Í breytingartilögum nefndarinnar er að finna tillögur um nánari skiptingu.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 369 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 0105 Landssamband íslenskra hestamannafélaga, til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 15 þús. kr., 0113 Efnarannsóknarstofa Norðurlands 10 þús. kr., 0115 Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöðvar 54 þús. kr., 0118 Skógræktarfélag Íslands 20 þús. kr., 0120 Landvernd 250 þús. kr. og 0121 Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu 20 þús. kr.
- 501 Bændaskólinn Hvanneyri: Framlag hækki alls um 1 500 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldtegingundir: Stofnkostnaður hækki um 900 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við rannsóknahús. Sértekjur lækki um 600 þús. kr.
- 502 Bændaskólinn Hólum: Framlag hækki um 1 100 þús. kr. Stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr. til innréttingar á starfsmannahúsi. Sértekjur lækki um 400 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 201 Fiskifélag Íslands: Gjöld hækki alls um 600 þús. kr. sem skiptist á gjaldtegingundir eins og hér segir: Viðhald 300 þús. kr., Önnur rekstrargjöld 300 þús. kr. til fiskiræktartilrauna.
- 299 Sjávarútvegs mál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 128 þús. kr. og skiptist sem hér segir: 0102 Skólabátar hækki um 50 þús. kr. og 0118 Vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum hækki um 78 þús. kr.
- 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna: Liðurinn 03 Keldnaholt hækki um 200 þús. kr. vegna kaupa á uppvottavél.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- 208 Rannsóknarlögregla ríkisins: Rekstrargjöld lækki um 800 þús. kr. Viðhald hækki um 600 þús. kr.

- 226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík: Liðurinn 0104 Löggæsla Þórshöfn hækki um 1 100 þús. kr. vegna innréttinga.
- 229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði: Liðurinn: 0107 skrifstofuhúsnæði, bygging lækki um 700 þús. kr.
- 253 Almannaþing ríkisins: Liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 300 þús. kr. Stofnkostnaður hækki um 100 þús. kr. Liðurinn Til sveitarfélaga hækki um 150 þús. kr. vegna skjálftamæla í Mývatnssveit.
- 283 Fangamál, ýmis kostnaður: Liðurinn 0105 Fangahjálþ hækki um 400 þús. kr.
- 301 Biskup Íslands: Önnur rekstrargjöld hækki um 350 þús. kr. sem skiptist eins og hér segir: 0101 Yfirstjórn 100 þús. kr. til þess að greiða upp skuld, 0103 Biskupsbústaður 250 þús. kr.
- 302 Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar: Laun hækki um 250 þús. kr.
- 303 Prestaköll og prófastsdæmi: Gjöld hækki alls um 1 340 þús. kr. og skiptist sem hér segir: Liðurinn 0101 Prestar og prófastar hækki um 140 þús. kr. vegna hálfra launa prests. 0104 Embættisbústaðir, viðhald hækki um 1 200 þús. kr.
- 304 Ýmis kirkjuleg málefni: Gjöld hækki alls um 475 þús. kr. Hækkunin skiptist sem hér segir: 0106 Álag vegna afhendinga kirkna 150 þús. kr., 0124 Útgáfustarfsemi 25 þús. kr. Nýr liður: 0143 Ýmis framlög verði 300 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti.

- 399 Vatnsveitur: Liðurinn hækki um 2 500 þús. kr.
- 700 Málefni fatlaðra: Framlög hækki alls um 2 190 þús. kr. og skiptist sem hér segir: Liðurinn 0107 Leiktækjasöfn 190 þús. kr. vegna leiktækjasafns í Vestmannaeyjum, 0113 Kostnaður skv. 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta 2 000 þús. kr.
- 780 Sólborg, Akureyri: Nýr liður bætist við, 0303 Sambýli Vanabyggð verði 1213.
- 981 Vinnumál: Aftan við liðinn 0110 Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og BSRB bætist: og BHM. Liðurinn hækki um 250 þús. kr. 0134 Sjómannasamtök, lögskráning hækki um 50 þús. kr.
- 999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 1 057 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er þó að geta þess að einn nýr liður er tekinn upp: 0154 Vegna snjóflóða á Patreksfirði verði 2 600 þús. kr. Einn liður fellur niður, 0153 Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar, en þar er um tilfærslu að ræða, sbr. 112. breytingartillögu nefndarinnar. Liðurinn 0152 Kvennaathvarf hækki um 600 þús. kr. Jafnframt er framlaginu skipt í a) rekstrarstyrk og b) stofnkostnaðarstyrk.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

- 301 Landlæknir: Önnur rekstrargjöld hækki um 250 þús. kr. og verði 2 864 þús. kr.
- 324 Heyrnar- og talmeinaþjóf Íslands. Liðurinn til einstaklinga og samtaka hækki um 900 þús. kr. vegna kaupa á heyrnartækjum.
- 325 Hollustuvernd ríkisins: Önnur rekstrargjöld lækki um 500 þús. kr.
- 381 Sjúkrahús- og læknisbústaðir: Gjöld hækki alls um 10 350 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti: 0301 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 4 250 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Nýr liður: Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur verði 4 000 þús. kr. 0311 DAS, Hrafnista, Hafnarfirði byggingarstyrkur, fjórða greiðsla af sex hækki um 2 100 þús. kr. Aftan við liðinn 0314 SÁÁ, byggingarstyrkur bætist: lokagreiðsla.

- 386 St. Jósefsspítali, Landakoti: Stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. vegna tækja-kaupa.
- 387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Liðurinn Viðhald hækki um 800 þús. kr. til viðhalds á gluggum.
- 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 2 887 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 0106 MS-félag Íslands hækki um 5. þús. kr., 0108 Hjartavernd 850 þús. kr., 0109 Krabbameinsfélag Íslands 817 þús. kr. Nýr liður: Til reykingavarna verði 400 þús. kr. 0127 Sjúkraflug hækki um 200 þús. kr., 0131 Félag asthmasjúklinga um 9 þús. kr., 0132 Exem- og psoriasissjúklingar 6 þús. kr. Nýr liður: 0151 Hjarta- og æðaverndarfélag verði 350 þús. kr. Nýr liður 0148 Útbreiðsla atvinnusjúkdóma verði 250 þús. kr.
- 502 Þroskajálfaskóli Íslands: Liðurinn stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti.

- 402 Fasteignamat ríkisins: Gjöld hækki alls um 700 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir: Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr. og Viðhald um 200 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti.

- 211 Vegagerð ríkisins: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 80 þús. kr. vegna vetrarsamgangna.
- 331 Vita- og hafnarmálaskrifstofa: Liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 750 þús. kr. Sértekjur lækki um 1 000 þús. kr.
- 332 Vitastofnun Íslands: Liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 500 þús. kr. og sértekjur lækki um 1 000 þús. kr.
- 333 Hafnamál: Liðurinn hækki alls um 4 100 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 0102 Hafnarrannsóknir og mælingar hækki um 500 þús. kr. 0103 Hafnamannvirki og lendingabætur hækki um 900 þús. kr. og er gerð tillaga um skiptingu þessa fjár í breytingartillögum nefndarinnar. 0104 Ferjubryggjur hækki um 1 000 þús. kr. 0108 Sjóvarnargarðar hækki um 900 þús. kr. Sundurliðun er í breytingartillögum nefndarinnar. Nýr liður: 0112 Landshöfn Þorlákshöfn verði 800 þús. kr.
- 485 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 1 300 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Þrír nýir liðir: 0102 Flugbjörgunarsveitir verði 450 þús. kr., 0105 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna verði 350 þús. kr. og 0110 Sjálfvirkt tilkynningarkefi fyrir fiskiskip verði 500 þús. kr.
- 652 Veðurstofa Íslands. Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 900 þús. kr. Sértekjur hækki um 1 400 þús. kr. sem er mótframlag frá ICAO vegna veðurþjónustu við millilandaflug, til kaupa á veðurathugunartækjum til mælinga í háloftunum.
- 656 Landmælingar Íslands: Liðurinn Sértekjur lækki um 1 000 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneyti.

- 240 Iðnaðarrannsóknir: Liðurinn Stofnkostnaður hækki um 1 000 þús. kr.
- 299 Iðja og iðnaður, framlög: Liðurinn hækki alls um 3 110 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: 0103 Heimilisiðnaðarfélag hækki um 10 þús. kr., 0104 Iðnþróun og tækninýjungar hækki um 500 þús. kr., 0126 Iðnþróunarverkefni hækki um 200 þús. kr., 0127 Iðnráðgjafar hækki um 900 þús. kr. Nýr liður: 0128 Kynning á íslenskum iðnaðarvörum verði 1 500 þús. kr.
- 371 Orkusjóður: 0103 Styrking dreifikerfis í sveitum hækki um 6 000 þús. kr. 0111 Hólsfjallabæir hækki um 750 þús. kr.

- 399 Ýmis orkumál: Nýr liður: 0106 Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar verði 5 000 þús. kr., sbr. 85. q.- lið breytingartillögu nefndarinnar.

12 Viðskiptaráðuneyti.

- 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur rekstrargjöld hækki um 330 þús. kr. Til einstaklinga og samtaka hækki um 190 þús. kr. vegna Neytendasamtakanna. Aftan við liðinn bætist greining á viðfangsefnum: 0101 Yfirstjórn 11 933 þús. kr. og 0103 Nefnd samstarfsráðherra Norðurlanda 700 þús. kr.
- 902 Verðlagsstofnun: Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. til verðkannana.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

- 101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 000 þús. kr. til hagræðingar í rekstri ríkisfyrirtækja.

Alþingi, 13. des. 1983.

Lárus Jónsson,
form., frsm.
Árni Johnsen.

Guðmundur Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.

Pálmi Jónsson.
Pórarinn Sigurjónsson.